



Vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi 2013 – 2019

Staðir þar sem er lagt til að slá og slíta upp lúpínu árlega eru númeraðir, 14 talsins.

Sjálfbærliðasamtök um náttúruvernd hafa farið árlega frá 2012 stóran hring um Reykjanesfólkvang, skráð með myndum og texta hvar lúpínu er að finna og tekið að sér að takmarka útbreiðslu á stöðum þar sem það er viðráðanlegt. [Myndir frá slíkri ferð 2017.](#)

Vatnsskarð að norðurenda Kleifarvatns. Á þessu svæði sáum við enga lúpínu í fyrstu formlegu könnunarferð Sjá 22. júní 2013. Lúpína hefur þó eflaust verið komin af stað þarna en varla farin að blómgast að ráði. Gæti bent til þess að henni hafi verið sáð á þessu svæði u.þ.b. 2010.

Lúpínan dreifist ört út og þéttist, verður orðin samfelld með veginum alveg frá Hafnarfirði að Kleifarvatni eftir áratug. Stakar vaxandi breiður við og utan í báðum höfðunum og breiðist áfram út í dalnum Huldum.

1. Við veginn undir klettum meðfram Kleifarvatni norðan við Stefánshöfða (Innristapa).

Teknar voru stakar lúpínur á u.þ.b. 200 m kafla við veginn og vatnið í júnílok 2017, 2018 og 2019 og slegnar 3 litlar breiður. M.a. plöntur ofar í gili sem frekar erfitt er að ná. Er því verki lauk 2019 sá einn okkar upptök þessa lúpínufjóts mun hærra í hlíðinni við klettabeltið, sem ekki voru tók á að takast þá. Þar hefur röskur lúpínusáðmaður verið að verki fyrir allnokkrum árum. **Þarna er verk að vinna!**

Huldur, dalur milli stapanna. Þar var búið að græða mikið upp með grasi þegar einhver hefur sáð þarna lúpínu fljótlega upp úr aldamótum. Við reyndum 2013 að fjarlægja lúpínu þar en **gáfumst upp**, höfum ekki reynt að halda lúpínunni þar í skefjum síðan og mun hún fylla þetta dalverpi eftir u.þ.b. áratug.

2. Gil og sandvík í Syðristapa miðjum. Þorvaldur tók 2017 fáeinar lúpínur nálægt veginum en hún var komin lengra niður í gilið, niður undir vatnið. Þessari lúpínu hefur líklega verið sáð 2010 því hún sást ekki 2013. Vinnuhópur frá Sjá (Örn, Jón A og Þorvaldur) tóku þarna vel til hendi 2018, slógu þéttustu blettina og stlitu upp með rót allar stakar plöntur sem þeir sáu. Sjá myndir [hér á fésbók](#). Sú aðgerð var endurtekin **2019**.

Í gili við Hulstur rétt sunnan við Syðristapa (um 300 m suðvestan við stað nr. 2) er mikið af lúpínu, bæði neðan við veg og þó einkum ofan við, alveg upp í klettahól. Þar unnu 14 verkstjórar Vinnuskóla Hafnarfjarðar og Seeds-hópur einn júnídag 2016 og sláttumenn frá Grindavík luku verkinu nokkru síðar. Ekki tókst að fá vinnukraft á þennan stað 2017-2019. **Óskar landvörður leggur áherslu á að stöðva lúpínuna þarna neðan við veginn** svo halda megi henni frá vatnsborðinu og setti stjórn fólkvangsins það í drög að aðgerðaáætlun 2019 og ætlaði **Óskar að fá slátturmenn frá Grindavík í það verk um sumarið en ekki varð að því.**

Seltúnssvæðið.

Hverasvæðið við Seltún er fjölsóttasti staðurinn í Reykjanesfólkvangi. Mikil trafik er þar alla daga ársins, nú aðallega erlendir ferðamenn. Þar er enn ekki lúpína en mikið af henni við Krýsuvíkurbæinn og Krýsuvíkurskóla. Þar þyrfti að vakta sókn hennar norður í átt að hverasvæðinu, en vel grónar grundir hægja á för hennar þangað.

3. Í hvömmum og lautum **sunnan við Grænavatn** eru nokkrar breiður sem Þorvaldur tók 2014 og 2015 og Óskar landvörður og slátturmenn úr Grindavík tóku árið 2016. Til stóð að þeir sömu tækju þessa staði líka 2017, en ekki varð að því. Í lok júní 2018 hafa þær stækkað talsvert og eru mjög blómlegar. Munu klæða umhverfi Grænavatns eftir áratug eða svo, verði ekkert að gert. Sjá fann 2018 nýjan lúpínustað, dálítið sunnar í laut austan við veginn og voru stakar plöntur slitnar upp og einn þétt breiða slegin 2018 en ekkert var gert þar 2019.

4. Næsti lúpínustaður norðan við Seltún er **Bleikhóll**, rúman km norðan við Seltún og 1 km sunan við Kleifarvatn. Lúpínu hefur verið sáð norðan og vestan í koll hólans á nokkuð stóru svæði fyrir 2010. Við veittum þessari lúpínu ekki eftirtekt 2013 þegar við vorum þarna fyrst. Örn sló breiðurnar með vélorfi fyrst 2014 og 2015. Árið 2016 sló hann þær enn og aftur og stakar plöntur voru slitnar upp með rót um allan hólinn neðanverðan. Árið 2017 var mikil vinna lögð í að slá allar breiðurnar og mikið slitið upp, enda varið til þess u.þ.b. 20 dagsverkum sjálfboðaliða, m.a. 14 bandarískra háskólamanna sem voru að nema vistfræði (Greenprogram) undir stjórn próf. Amy Long sem tók fullan þátt í sjálfboðavinnunni. [Hér](#) má sjá hópinn að störfum.

[Árangur var góður, eins og sjá má hér, en mikið af rofsárum eftir.](#)

Í júní 2018 var lúpínubreiðan í toppi Bleikhóls gisnari en árið áður og sá meira í grös, mosa og annan gróður í botninum. Það tók Örn skemmri tíma að fara yfir allar toppbreiðurnar með vélorfinu. Þorvaldur, Sveinn og Örn slitu upp allar plöntur sem þeir fundu neðan við breiðurnar í hlíðum hólans, allan hringinn. Örn o.fl. endurtóku þennan leik 2019 með góðum árangri.

Vorið 2014 sáði Örn túnvingli ásamt áburði í hluta af rofabarði suðaustan við hólinn og hefur myndast þar góð grasþekja. Seint í júní sumarið **2017** dreifðu bandaríkjamennirnir 600 kg af áburði og 40 kg af húðuðu túnvingulsfræi í helstu rofabörð nokkur um 1-400 metrum sunnan við hólinn, líklega í u.þ.b. 400 m radius, ekki samfelld. Um haustið hafði þetta spírað og vaxið mjög vel og var vel grænt 2018 og komin þykk grasmotta 2019.

Vorið **2018** fengu Sjá 100.000 kr. styrk frá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum til að halda áfram **grassáningu** á þessu svæði. Keyptu samtökin fyrir það 1200 kg af áburði. Landgræðslan lagði til 600 kg til viðbóar og allt fræ sem þyrfti, um 160 kg af húðuðu túnvingulsfræi. Brynjólfur sem lengi hefur sáð og borið á fyrir Landgræðsluna var svo fenginn til að dreifa þessu öllu með traktor 20. júní. [Myndir á fésbók hér](#). Sáð var í raka jörð og það rigndi hvern dag næstu vikur á eftir. Þrátt fyrir það var árangurinn mun lakari en árið áðan, grasnálin mun smærri og strjáll.

Sjá gerðu landgræðsluáætlun fyrir Bleikhólssvæðið og sóttu um styrk og stuðning frá Landgræðslunni **2019** og fengu 183.000 kr. til að kaupa áburð, og ókeypiss fræ að auki. Var sáð um 250 kg af húðuðu túnvingulsfræi og 2400 kg af áburði og Brynjólfur fenginn aftur til að dreifa og kostaði Sjá dreifinguna. Árangurinn varð betri en 2018, lofar góðu. Ætlunin er að handsá minna magni sumarið 2020 en vanda til verka og fylla í eyður.

Sjá leggur áherslu á að þetta svæði verði grætt upp með grasi en ekki lúpínu, og verði hluti af samfelldu lúpínulausu svæði beggja vegna Seltúns, litríka háhitasvæðisins sem hundruð þúsunda manns heimsækja ár hvert.

GFF og fleiri aðilar hafa grætt upp með skít norðaustan við Bleikhól og grær það mjög vel upp. Hafa einnig gróðursett þar nokkra tugi birkiplantna.

5. Lúpína í og við **hól í uppgræddu landi** austan vegarins móts við Bleikhól. Jaðar breiðunnar var sleginn 2017 og 2018 og gisnari hlutinn og stakar plöntur umhverfis slitnar upp eða slitið ofanaf. Lítið aðhafst þar 2019
Lúpína klæðir þarna - og víðar - land sem nú þegar er uppgrætt.

Tvær breiður rétt austan við veginn milli Krýsuvíkurskóla og Stóru-Eldborgar.

6. **Vestari breiðan** er á grýttri smáhæð í leirkenndum, lítt grónum mel. Þar hefur öll lúpína verið slitin upp ár hvert frá 2013, en aðeins náðst hluti af rótunum vegna þess hve grýttur jarðvegurinn er. Þess hefur verið gætt að **engin lúpína nái að mynda fræ frá og með sumrinu 2013**. Vorið 2016 fundust margar unglöntur nývaxnar upp af fræi en voru ekki taldar. 18. júní 2017 fundust 25 unglöntur á fyrsta ári og 8. sept. 10 til viðbótar. Þannig höfðu alls **35 plöntur vaxið upp af fræi árið 2017**.

30. júní 2018 fundum við **83 unglöntur sem vaxið höfðu upp af fræi það vor!** en aðeins 5 unglöntur **30. júní 2019, réttu ári síðar, en þá fundust 106 eldri plöntur, langflestar á 2 ári, sjá mynd**. Efst í vinstra horni myndarinnar eru plönturnar 5 sem vaxið höfðu upp af fræi vorið 2019 en allar hinar, 106 talsins, eru á öðru ári eða eldri, flestar á 2. ári. Þannig lítur út fyrir að **83 + 106 = 189 fræ hafi spírað árið 2018, 35 árið 2017 og aðeins 5 árið 2019!**



Hér er gríðarmikil óútskýrð árssveifla í spírun! Gæti e.t.v. stafað af því að vorið 2018 var óvenju votveðrasamt en vorið 2019 mun þurrara..
Allt þetta fræ hlýtur að hafa fallið fyrir 2013 og legið í **dvala** í jörðinni þar til það spírar nokkrum árum síðar.

Auðvelt er að þekkja á rótinni hvort unglanta hafi vaxið upp af fræi eða af eldri rót. Þær sem hafa fersk kímblöð hafa spírað þá um vorið. Sumar voru með visin kímblöð fest á lítið eitt trénaðan stöngul og teljast vera frá því árið áður.

Sjá mun áfram fylgjast með plöntum sem vaxa þarna upp af fræi, en ekki er enn vitað hve mörg ár lúpínufræ getur legið í dvala í jarðvegi áður en það spírar. **Hér hefur verið sýnt fram á að lúpínufræ getur legið í dvala í jörð við góð skilyrði í a.m.k. 7 ár, þau yngstu frá 2012.**

Höfum hugfast að öll lúpínan á þessum bletti hefur verið slitin upp hvert sumar frá 2013 og engin náðað blómstra, hvað þá að setja fræ.

Sigurður H. Magnússon: „Ég held að þér muni ekki endast aldur til að fylgjast með þessu. Lúpínufræ geta lifað afar lengi í jarðvegi. Fræ af *Lupinus arcticus* sem er mjög skyld alaskalúpínu geta lifað í mörg þúsund ár, sjá hér: <http://science.sciencemag.org/content/158/3797/113>
Þess vegna er mikilvægt að láta lúpínuna ekki ná að sá sér vilji maður á annað borð ekki fá hana. Þetta á við um allar tegundir með langlífan fræforða. Sem betur fer er skógarkerfill ekki þessum hæfileikum gæddur.“

7. Austari breiðan, sem er heldur stærri, er 100 m. austar, undir og upp á rofabarði. Þar hefur lúpína verið slegin eða slitið ofan af henni árlega frá 2014, en aldrei unnist tími til að slíta hana jafn vandlega upp nema á jöðrunum og nær eitthvað af henni að blómstra og setja fræ. Þessi lúpína heldur velli en nær ekki að breiðast út að ráði meðan Sjá heimsækir hana árlega. Svæði með u.þ.b. 300 m radius umhverfis þessar tvær breiðum er skoðað ár hvert og alltaf finnast nokkrar plöntur fjær, á stangli, sem eru teknar.

Á Vigdísarvallaleið

8. Efst í **Tófubruna**, fannst nýblómguð lúpína, fyrst 2014. Fannst nógu snemma til þess að hafa lítið náð að mynda fræ. Fundum þó nokkrar smáar plöntur á sömu slóðum næstu árin, ýmisst vaxnar upp af fræi eða eldri rót, fæstar blómstrandi. Líklega hefur einhver sáð þarna lúpínu nálægt árinu 2010.

30. júní bæði árin 2018 og 2019 voru fáar plöntur á þessum sömu stöðum og engin þeirra í blóma, en fáeinum tugum metra austar fundum við fáeinar blómstrandi plöntur og fáeinar unglöntur, bæði í gili ofan vegar og við syðri vegkantinn.

Á þessu svæði er land talsvert rofið en mjög áhugaverð sjálfgræðsla í gangi þar sem skriðult birki og einir koma mikið við sögu, að auki lyngtegundir og gullkollur. [Myndaalbúm á fésbókarsíðu Sjá.](#)

9. Sprunga í kletti (sprungnum hól) um 10 m vestan við veginn við **Hofmannaföt**. Óskar landvörður benti okkur á 2013 að þar væri lúpína. Við fundum hana ekki í það skipti heldur í ferðinni 2014. Þar var talsvert af blómstrandi lúpínu við og í syðri hluta sprungunnar og var allt tekið sem við náðum. Hver einasta planta tekin hvert ár eftir það og verður auðveldara með hverju árinu. 2018 fundust ca. 12 smáar plöntur, engin í blóma og engin á fyrsta ári heldur. Álika 2019.

10. Lítið gil í smá rofbarði í brattri, gróinni hlíðinni upp við klettabeltið, á milli Hofmannaflatar og Norðlingaháls. Fannst fyrst 2013 og allt vandlega tekið þá. Finnum þar minna með hverju árinu, hefur líklega ekki náð að sá sér. Slitum þar upp tæplega 10 plöntur 2017, aðallega vaxnar upp af rôtarslitrum. Fórum ekki í þetta gil 2018, en 2019 voru þar rúmlega 20 smáar plöntur, tæpur helmingur í blóma.

11. Fáeinar plöntur í blóma fundust 2018 í klettum við vestari vegkantinn á **Norðlingahálsi**. Voru slitnar upp, ekki náðust allar rætur. Árið áður höfðu fundist fáeinar plöntur í vestari vegkantinum nokkru sunnar og verið teknar. Í lok júní 2019 fannst þar engin planta, en aftur á móti lítill breiða í SA-horni sandsins norðan hálsins og var tekin það ár.

12. Við Suðurenda Hrótagjár er stór breiða ofan í sendinni laut þar sem við höfum hreinsað jaðarinn undanfarin sumur. Leituðum að lautinni 2013 en fundum ekki.

Jóna og Sveinn sendu okkur þessa mynd 2013. með þessum skýringum: „Í september 2012 fór ég í gönguferð að Mávahlíðum. Keyrðum veginn vestan megin við Sveifluháls og fór úr bílum þar sem auðvelt var að leggja, mikið sandflæmi og samkvæmt minni mínu stóð á skiltinu Nautalda. Þegar höfðum gengið eftir þessum sandi smástund í vesturátt og vorum að nálgast syðri brúnir Hrótagjárdyngju, komin í hvarf frá veginum, fóru að birtast lúpínuplöntur. Þær urðu smám saman þéttari og þarna var gott skjól. En þarna var líka þessi niðurgrafna



vatnstunna sem ég sendi þér mynd af ásamt lúpíuplöntu. Það var eins og skrattinn úr sauðaleggnum að sjá þetta, þarna var þessi vilta náttúra sem Hrútadyngja er, hraun og mosi og reyndar hafði ein og ein brikihrísla náð að festa rætur í skjóli.”

Við fundum þennan stað fyrst 2015 og var þá komin nærri 1000 fermetra lúpínubreiða í lautinni og teygði sig upp í kletta og mel umhverfis, m.a. fáeinar plöntur þar sem Hrútagjá byrjar.

Árið 2017 fundum við að auki dreif af lúpínu sunnan til á sandinum milli vegarins og lautarinnar. Tíndum þar allt upp sem við sáum, einnig uppi á hálsinum við lautina og Örn sló alla lautina með vélorfi. Snörp vinna fyrir aðeins 4 sjálfbóðaliða á aðeins 2-3 tímum.

30. júní 2018 vorum við 9 manns og stoppuðum í rúma klukkusund. Örn sló þéttu breiðuna og var hún gisnari en árið áður og þar með fljótunnari. Við hin tíndum upp plöntur í jöðrunum og á sendna melnum austan við sem höfðu fyrst fundist í blóma í fyrra. Þar var slatti af plöntum en aðeins örfáar farnar að blómgast. Heiða fann nokkrar plöntur nær 100 m norðar á þessum mel 2018.

Til eru myndir frá 2015, 16, 17 og 19.

10. júlí 2019 voru stakar lúpínur á þessu svæði færri en árið áður og teknar allar sem fundust.

Breiðan ofan í lautinni einnig slegin, en hún hafði gisnað frá því árið áður.

2019 fundum við nýjan stað, skammt austan við veginn á Norðlingahálsi, nær Hrútadyngjuhálsi, nokkru vestar en fyrrnefnd lúpína. Það var slitið og slegið.

30. júní 2011 sleit þorvaldur í fljótheitum upp blómstrandi lúpínutopp á mel milli vegar og hlíðar vestan við Hrútadyngjuhálsinn (?). Síðan hefur engin lúpína sést þar, a.m.k. ekki í blóma.

13. Í brekkurótum í námu í Sandfellsklöfa, um 1 km vestan við Vatnsskarð, fannst 2012 um 100 fermetra lúpínubreiða og talsvert á strjálningi í kring sem við tinum upp árlega. M.a. hafði hún sáð sér í þéttan hraungambra (teknar af því myndir).

2017 - 2019 var þar allt í svipuðu horfi. Slóum þéttu breiðuna með orfi og tíndum allt sem sást utan hennar.

Búið er að aka kynstrum af hrossaskít í námuna þarna og dreifa með jarðýtu og grær feikivel!

Líklega er GFF og Hafnarfjarðarbær þar a verki.

Okkur í sjá er ekki kunnugt um fleiri lúpínustaði við Vigdísarvallaleið heldur en áðurgreinda, nr. 8 – 13.

14. Viðbót! Sesselja Guðmundsdóttir fann 2018 nýjar lúpínubreiður rétt **sunnan við**

Suðurstrandarveg móts við Krýsuvík og sleit þar upp bæði árin 2018 og 2019. Þarf að athuga betur, því ekki er vitað um lúpínu á stóru svæði þarna. Óskari landverði er nú kunnugt um þennan stað.

Óskar telur að lúpínutoppar séu í Breiðdal. Sjá hefur ekki fylgst með á því svæði.

Staðir nr. 1, 2 og 8 – 13 hér framar eru í landi Grindavíkur.

Staðir nr. 3 – 7 og 14 í Hafnarfjarðarlandi.

Sjá myndaalbúm á facebook-síðu Sjálfbóðaliðasamtakanna (sum „linkuð“ hér framar).

Skýrsla Sjá um vinnu í Reykjanesfólkvangi 2015:

https://issuu.com/umhverfismal/docs/l_p_nuvinna_reykjanesf_lkvangi_2

Myndir frá 2015, með stuttum skýringum:

<https://get.google.com/albumarchive/116780896746190270498/album/AF1QipNLVivzb0KvzjfpZ/XHUiWqpeoM02LMfHtgQ3L5w>

Skýrsla Sjá um vinnu í Reykjanesfólkvangi 2013 og 2014: https://issuu.com/umhverfismal/docs/k_nnun_l_p_nu_rn.f_lkvangi_2

Eldri skýrslur Sjálfbóðalilðasamtakanna vistaðar á Issue: <https://issuu.com/umhverfismal>

Þorvaldur Örn Árnason, 2018 og 2019
formaður Sjálfbóðalilðasamtakanna
s. 895 6841
valduorn@simnet.is

